# ÚRSKURÐUR

**Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 2009 í máli nr. G-663/2009:**

**Stjórn félagsins**

*(Einar Þór Sverrisson hrl.)*

**gegn**

**Íslenskri afþreyingu hf.**

Stjórn Íslenskrar afþreyingar hf., kt. 600898-2059, Skaftahlíð 24, Reykjavík, hefur óskað þess með bréfi mótteknu 30. júní sl. að bú félagsins verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Í beiðni segir að ástæður þess að félagið óski gjaldþrotaskipta sé afar bág fjárhagsstaða félagsins og að fyrir liggi að félagið geti ekki staðið í skilum við lánardrottna og ekki sé líklegt að greiðsluörðugleikar félagsins muni hjá líða innan skamms.

Ljóst er af framlögðum gögnum að félagið Íslensk afþreying hf. er ófært að standa í fullum skilum við lánardrottna sína og engin von er til þess, að því er best verður séð, að það ástand breytist til hins betra í fyrirsjáanlegri framtíð.

Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum 64. gr. laga nr. 21/1991 til þess að verða við kröfu skuldarans og er því bú hans tekið til gjaldþrotaskipta.

**Úrskurðarorð**

Bú Íslenskrar afþreyingar hf., kt. 600898-2059, Skaftahlíð 24, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Ragnheiður Harðardóttir.

Dómari skipar Friðjón Örn Friðjónsson hæstaréttarlögmann til að gegna starfi skiptastjóra í þrotabúinu.

Dómþingi slitið.
Ragnheiður Harðardóttir

Vottur:
Karólína Finnbjörnsdóttir

Rétt endurrit staðfestir.
Héraðsdómi Reykjavíkur, 2. júlí 2009.